

Íbúalýðræði – hvert stefnir?

Þessi grein er sú þriðja og síðasta sem skrifuð er í tilefni af Evrópskri viku um staðbundið lýðræði, sem nú er að ljúka. Fjallað hefur verið um þá vaxandi áherslu á virka þátttöku almennings og hagsmunaaðila í tengslum við ákvarðanatöku sem orðin er í vestrænum lýðræðisríkjum, þar á meðal hér á landi. Þrátt fyrir smæð samfélagsins og gott aðgengi að ráðamönnum, verður æ mikilvægara að samræða þar sem sjónarmið geta haft áhrif á ákvarðanir, standist kröfur um gagnsæi og trúverðugleika. Rætt hefur verið um reynslu af íbúabingum í sveitarfélögum og tilgreind dæmi um verkefni í öðrum löndum.

Nú beinum við sjónum okkar að því hverjir eru hornsteinar góðs þátttökuferlis og hvað hafa þarf í huga í þeim sveitarfélögum þar sem sveitarstjórnir kjósa að vinna með íbúum nú þegar ný staða er komin upp í íslensku samfélagi.

Samkvæmt grunngildum alþjóðlegra fagsamtaka um þátttöku almennings, International Association for Public Participation, IAP2, byggir þátttaka almennings á þeirri trú að þegar teknar eru ákvarðanir, eigi þeir sem ákvörðunin hefur áhrif á, rétt á að taka þátt í ákvörðunartökuferlinu. Þátttaka almennings felur í sér loforð um að það sem þátttakendur hafa fram að færa, muni hafa áhrif á ákvörðunina. Skilgreint er hversu langt er gengið, þ.e. hverju almenningi er lofað, allt frá því eingöngu að upplýsa, til þess að leitað er ráða hjá almenningi, íbúar virkjaðir, komið á samstarfi milli stjórnvalda og almennings eða að ákvörðun er alfarið sett í hendur íbúa og/eða hagsmunaaðila. Þátttaka almennings stuðlar að haldbærum ákvörðunum, með því að greina og ræða þarfir og hagsmuni allra þátttakenda, þ.m.t. þeirra sem taka ákvörðunina.

Ekki má heldur gleyma þeirri dýrmætu þekkingu sem almenningur og hagsmunaaðilar búa yfir og skiptir máli að komi fram snemma í ferlinu. Í hverju sveitarfélagi á Íslandi í dag, er þörf fyrir alla krafta og þekkingu – og samstillingu þessara krafta.

Þegar ákveðið er hvernig þátttökuferli skuli háttað og hvaða leiðir verði farnar er byrjað á að skilgreina þær ákvarðanir sem verið er að taka og út frá því, hverjir eru hagsmunaaðilar. Oft byrja ráðamenn á að taka ákvörðun um að „halda fund um málið“. Það getur skilað árangri en hvernig á að tryggja að þangað komi allir þeir sem hagsmuna eiga að gæta? Eða að öll sjónarmið komi fram? Þar getur fyrirkomulag fundar skipt sköpum. Stundum þarf líka að kalla eftir röddum almennings með nokkrum mismunandi leiðum samhliða.

Stærsta verkefnið sem við blasir í íslenskum sveitarfélögum, er að endurskoða framtíðina og þau gildi sem ráða ferðinni. Það er ekki bara verkefni þeirra fáu sem kosnir hafa verið í sveitarstjórn, heldur þarf samfélagið allt að koma að. Líta þarf á samræðuna sem ferli, og skipuleggja út frá því. Fyrirkomulagið þarf að bjóða upp á að sjónarmið stjórnenda heyrist, sem og íbúa þannig að ekki verði einhliða boðskipti heldur samræða. Lykilatriði hér er að hlusta og skilja og koma á samstarfsgrundvelli og gagnkvæmum stuðningi. Skilgreina þarf lykilsurningar um framtíðina og

kortleggja auðlindir í umhverfinu, samfélaginu og fólkinu. Gefa þarf öllum sem það vilja, kost á að bjóða fram sína þekkingu og krafta fyrir sitt samfélag. Gæta þarf að því að engir verði útundan, ekki heldur þeir sem alla jafna taka ekki virkan þátt í hinni opinberu samræðu. Þar má nefna íbúa af erlendum uppruna, eldri borgara og yngri kynslóðina. Hafa þarf í huga að öllum breytingum fylgir líka sorgarferli, þar sem við kveðjum þann veruleika sem við höfum þekkt til þessa og göngum inn í hið óþekkt.

Aðferðir samtakanna IAP2 sem nefndar voru hér að ofan, geta komið hér að góðu gagni. Einnig eru til margvíslegar aðferðir við fyrirkomulag funda, sem bjóða upp á að öll sjónarmið heyrist. Sem dæmi má nefna viðurkenndar aðferðir eins og „Heimskaffi“ (e. World Café) og „Opinn vettvangur“ (e. Open Space).

Framundan eru krefjandi og um leið spennandi tímar, þar sem við höfum tækifæri til að skapa nýja framtíð. Það er einlæg von mín að við Íslendingar berum gæfu til þess á þeim tímamótum sem við nú stöndum frammi fyrir að þetta verði líka tímamót í hinu staðbundna lýðræði.